

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veidinyting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Laxá í Dölum 2002.
Seiðabúskapur, ræktun og laxveiði.

Sigurður Már Einarsson
Björn Theódórsson

Borgarnesi maí 2003 VMST-V/0306

Unnið fyrir Veiðifélag Laxdæla

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	3
Framkvæmd	3
Niðurstöður	3
Seiðabúskapur	3
Hreistursýni	4
Stangaveiði	4
Umræður	4
Heimildaskrá	4

Myndir:

Mynd 1. Kort af rafveiðistöðum í Laxá haustið 2001.	6
Mynd 2. Sleppitjörninn við Þrándargil í Laxá sumarið 2002.	6
Mynd 3. Lengdardreifing og aldur laxaseiða eftir veiðistöðum í Laxá 9. 09 2002.	7

Töflur:

Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (fj. Í einni rafveiðiumferð á 100 m ²) í Laxá 9. sept. 2002.	8
Tafla 2. Þéttleiki laxaseiða í vatnakerfi Laxár í Dölum 1998-2002.	8
Tafla 3. Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Laxá 9. sept. 2002.	8
Tafla 4. Vöxtur laxaseiða (vorgömul til 3+) í Laxá í Dölum árin 1998-2002.	8
Tafla 5. Lífþyngd (g./100 m ²) laxaseiða í Laxá í Dölum 1998-2002.	9
Tafla 6. Aldursdreifing laxa í ferskvatni og sjó samkvæmt hreistursathugunum í Laxá í Dölum árið 2002.	9
Tafla 7. Skipting laxa eftir sjávaraldri og kynjum í laxveiðinni í Laxá í Dölum 2002.	9

Inngangur

Rannsóknir fóru fram á seiðabúskap Laxár í Dölum haustið 2002, en sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar frá og með árinu 1998 (Sigurður Már Einarsson 1998 og 1999, Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2001, Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2002). Markmið rannsókanna hafa verið rakin í fyrri samantektum. Auk seiðarannsókna er árlega safnað hreistursýnum úr laxveiðinni og er greint frá helstu niðurstöðum þeirra og fjallað um laxveiðina á árinu 2002. Þá er greint frá sleppingum gönguseiða í ána sumarið 2002, en slíkar sleppingar eru nýjung í ræktunarmálum í Laxá, því áður hafa sleppingar á sumaröldum laxaseiðum á ófiskgenga árhluta verið mest stundaðar á þessu vatnasvæði.

Framkvæmd

Seiðabúskapur var kannaður með rafveiðum 9. september og var veitt á sex stöðum á fiskgenga hluta árinna (mynd 1), en sömu stöðvar eru árlega kannaðar til að auka samanburðarhæfni gagnanna. Lýsing á söfnunarstöðum hefur áður verið gerð svo og aðferðum við mælingar og úrvinnslu gagna um seiðabúskapinn (Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2001).

Mikið af hreistursýnum barst úr stangaveiðinni 2002 og hefur aðferðum við úrvinnslu hreistursýna áður verið gerð skil (Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2002). Hreistur af 360 löxum barst til úrvinnslu. Vegna mikils sýnafjölda var úrtak tekið af öðru hverju hreistri og sýnafjölda þannig fækkað um helming.

Stangaveiðin var að venju færð í veiðibók, en þar eru færðar upplýsingar um veiðidag, veiðistað, lengd, þyngd, kyn og agn fyrir hvern lax sem veiðist.

Sjögönguseiðum af Laxárstofni var sleppt í Laxá vorið 2002. Alls var sleppt 8.100 seiðum og var þeim komið fyrir í sleppitjörn sem grafin var við Þrándargil í Laxá, skammt fyrir ofan ármót Þrándargils og Laxár (mynd 2). Mjög vel var gengið frá tjörninni og er sleppiaðstaðan því mjög vel heppnuð. Tjörnin var grafin þann 30. maí og seiðin flutt í Laxá í byrjun júní. Tjörnin var lokuð í um 10 daga en eftir það var tjörnin opnuð og seiðin gátu gengið til sjávar er þau voru tilbúin til sjögöngu.

Niðurstöður

Seiðabúskapur

Laxaseiði voru ríkjandi á öllum veiðistöðum, en vart var við urriðaseiði á stöðvum 1, 2 og 4 og bleikjuseiði stöðvum 2 og 5 (tafla 1). Seiðapéttleikinn mældist að meðaltali 20,4 seiði á 100 m² og var seiðafjöldi mestur í Þrándargildi (stöð 6) en minnstur í Hólkotsá (stöð 5) (tafla 1). Vorgömul seiði veiddust á öllum veiðistöðum í Laxá, en ekki í hliðarlækjum nema í Hólvatnsá (tafla 1). Að meðaltali var fjöldi vorgamalla seiði um helmingi lægri en í mælingu 2001 (tafla 2). Eins ár seiði komu fyrir á öllum veiðistöðum og var meðalfjöldi þeirra 9,8 seiði á 100 m² sem er svipað og undanfarin ár (tafla 2). Fjöldi tveggja ára seiða lækkaði nokkuð á milli ári en af þriggja ára seiðum mældist svipaður fjöldi og undanfarin ár. Á heildina lítið mældist nokkru minna seiðamagn en árið 2001 (tafla 2). Vöxtur seiða var nokkru lakari en árið 2001, en almennt eru litlar breytingar á vexti seiða milli ára í Laxá (tafla 4, mynd 3). Lífþyngd seiða var að meðaltali 109.2 g/100 m² og lækkaði verulega frá árinu 2001 (tafla 5).

Hreistursýni

Alls bárust til rannsóknar hreistursýni af 344 löxum, en við úrvinnslu var talið nægilegt að vinna úr helmingi sýnanna (tafla 6). Af lesnum hreisturum reyndust 172 sýni vera af smálaxi eða 92,4% sýnanna, en 13 af stórlaxi eða 7,6% sýnanna. Hlutfall stórlaxa í hreistursýnum var nokkru lægra en kom fram á veiðiskýrslum, sem skýrist af því að flest sýnanna voru tekin í lok ágúst og september, en þá er smálaxaveiðin í hámarki. Af stórlöxum reyndist einn lax hafa hrygnt áður eða 0,6% af sýnafjöldanum.

Í fersku vatni var aldur laxanna frá 3 – 5 ár. Þriggja ára aldur var algengast, en fjögurra ára svöl kom þar næst (tafla 6). Engir laxa greindust úr sleppingum sjógönguseiða, enda slíkum seiðum ekki sleppt í ána árin á undan og ekkert varð heldur var við flökkufisk úr fiskrækt eða eldi annars staðar. Sleppingar á sumaröldum laxaseiðum hafa verið stundaðar um langt árabil en mjög erfitt er að aðgreina þann fisk frá náttúrulega klöktum laxi og er það ekki reynt hér. Hins vegar eru laxar úr gönguseiðasleppingum auðþekktir.

Stangaveiði

Árið 2002 veiddust 879 laxar í Laxá og var 18 löxum sleppt aftur í ána sem nemur 2,0% af veiðinni. Auk laxanna veiddust 18 bleikjur í ánni en enginn urriði var bókaður. Smálaxinn ríkti í veiðinni og veiddust alls 755 slíkir sem er 85,9% af heildarveiðinni, en 124 stórlaxar veiddust eða 14,1% veiðinnar. Laxveiðin var mjög dræm fram í miðjan júlí en þá komu góðar göngur í ána og veiðin var vel viðunandi allt til loka veiðitímabilsins.

Umraedur

Laxveiðin í Laxá sumarið 2002 var nálægt meðalveiði tímabilsins 1974-2002 og var því í svipuðum takti eins og veiðin á landsvísi sem varð um 1,5% undir meðalveiði árána 1974-2001 (Anon 2003). Smálaxagengd var almennt góð á landinu, en hlutfall stórlaxa, þ.e. laxa sem dvelja 2 ár eða lengur er í mikilli lægð og er líklegasta skýringin á því talin sú að breytingar hafi orðið á umhverfisskilyrðum á ætisslóðum stórlaxa við grænland (Anon 2003). Árgangur gönguseiða sem gekk út vorið 2001 virtist vera mjög slakur samkvæmt haustmælingu árið 2000 (Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Arnason 2001), en árgangurinn náði engu að síður að skila sér vel í ána. Seiðamælingar að hausti eru aðeins vísbending um laxgengd 2 árum síðar og ekki unnt með neinu öryggi að spá fyrir um laxgengd út frá slíkum mælingum.

Sleppingar gönguseiða voru reyndar í ána sumarið 2002 og lax úr sleppingunum fer að skila sér inn í veiðina sumarið 2003. Mikilvæg vitneskja fæst úr þessum sleppingum um árangur og hagkvæmni slíkra sleppinga. Mikilvægt er að hreistursöfnun fari fram með svipuðu sniði og undanfarin ár, en unnt er að aðgreina laxa úr sleppingum frá náttúrulega klöktum laxi með hreistursrannsóknum.

Heimildaskrá

Anon 2003. Ársskýrsla 2002. Veiðimálastofnun. 14 bls.


Sigurður Már Einarsson 1998. Laxá í Döllum. Fiskirannsóknir 1997. Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/98007X. 13 bls.

Sigurður Már Einarsson 1999. Laxá í Döllum. Fiskirannsóknir 1998. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99005, 12 bls.

Sigurður Már Einarsson 2001. Laxveiðin á Vesturlandi 2001. Skessuhornið. 20 desember 2001.

Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2001. Rannsóknir á laxastofni Laxár í Dölum. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/01002. 12 bls.


Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2002. Laxá í Dölum 2001. Seiðabúskapur og stangaveiði. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0210. 10 bls.



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá haustið 2002.



Mynd 2. Sleppitjörn við Prándargil í Laxá sumarið 2002.



Mynd 3. Lengdardreifing og aldur laxaseiða eftir veiðistöðum í Laxá 9. september 2002.

Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (Fj. Í einni rafveiðiumferð á 100 m²) í Laxá 9. september 2002.

Stöð	Svæði m ²	Lax					Samtals	Urriði alls	Bleikja alls
		0+	1+	2+	3+	4+			
1	252	3,6	8,7	6,3	3,2	0	21,8	0,8	0,0
2	272	1,8	19,5	5,1	2,6	0	29,0	0,4	5,1
3	429	9,6	4,9	0,7	0,0	0	15,2	0,0	0,0
4	252	0,8	9,5	2,8	3,6	0	16,7	2,0	0,0
5	234	0,0	3,8	1,3	4,3	0	9,4	0,0	0,9
6	126	0,0	19,0	22,2	4,0	0	45,2	0,0	0,0
Allar	1565	3,6	9,8	4,5	2,5	0	20,4	0,5	1,0

Tafla 2. Þéttleiki laxaseiða í vatnakerfi laxár í Dölum árin 1998-2002.

Ár	Fjöldi Stöðva	Svæði m ²	Fjöldi í einni umferða á 100 m ²				Samtals
			0+	1+	2+	≥3+	
1998	5	779	7,1	32,3	8,7	4,3	36,5
1999	6	1462	4,2	23,7	11,2	2,2	41,3
2000	6	1490	1,9	7,9	5,2	1,4	16,4
2001	6	1272	7,8	10,5	11,3	3,0	32,5
2002	6	1565	3,6	9,8	4,5	2,5	20,4

Tafla 3. Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Laxá í Dölum 9. september 2002.

Stöð	0+			1+			2+			3+		
	n	ml	sdv	n	ml	sdv	n	ml	sdv	n	ml	sdv
1	9	3,6	0,26	22	6,5	0,39	16	8,3	0,29	8	10,5	0,94
2	5	3,5	0,22	53	6,7	0,51	14	9,2	0,45	7	11,1	0,59
3	41	3,8	0,21	21	6,7	0,36	3	9,6	0,65			
4	2	3,6	0,14	14	6,4	0,39	7	8,1	0,58	9	9,9	0,51
5				9	6,8	0,57	3	9,2	0,06	10	10,8	0,53
6				24	7,2	0,47	28	10,4	0,89	5	12,8	0,61
Allar	57	3,7	0,23	153	6,7	0,51	71	9,4	1,13	39	10,8	1,07

Tafla 4. Vöxtur laxaseiða (vorgömull til 3+) í Laxá í Dölum árin 1998-2002.

Ár	0+			1+			2+			3+		
	n	ml	sdv	n	ml	sdv	n	ml	sdv	n	ml	sdv
1998	55	4,1	0,51	252	7,1	0,60	74	9,5	0,84	33	11,4	1,07
1999	61	3,7	0,26	347	6,5	0,75	164	8,7	1,22	32	10,4	1,21
2000	29	4,3	0,37	117	7,0	0,69	77	9,4	1,13	21	11,1	1,44
2001	99	4,1	0,29	133	6,8	0,59	144	9,0	1,19	37	10,9	1,28
2002	57	3,7	0,23	153	6,7	0,51	71	9,4	1,13	39	10,8	1,07

Tafla 5. Lífþyngd (g./100 m²) laxaseiða í laxá í Dölum árin 1998-2002.

Ár	Lífþyngd g./100 m ²					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
1998	5,3	127,4	83,1	69,9	1,8	287,5
1999	2,1	68,7	80,6	27,3	0,0	178,7
2000	1,5	28,4	46,3	20,7	0,0	96,9
2001	5,6	35,1	92,7	42,7	1,3	177,4
2002	1,8	32,1	40,9	34,5	0,0	109,2

Tafla 6. Aldursdreifing laxa í ferskvatni og sjó samkvæmt hreistursathugunum í Laxá í Dölum árið 2002. Fiska sem taka þátt í hrygningu í annað sinn er sérstaklega getið neðanmáls við töfluna.

Ferskv.	1 ár í sjó				2 ár í sjó				Fjöldi	%
	Hæ	Hr.	Ós	samt	Hæ	Hr.	Ós	samt		
1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
3	37	40	4	81	1	6	7	88	88	51,2
4	36	36	0	72	1	5	6	78	78	45,3
5	2	4	0	6	0	0	0	6	6	3,5
Samtals	75	80	4	159	2	11	0	13	172	
%		92,4				7,6				100

Tafla 7. Skipting laxa eftir sjávaraldri og kynjum í laxveiðinni í laxá í Dölum árið 2001.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ
1	422	2,8	55,9	333	2,3	44,1	755	2,6
2	56	5,2	45,2	68	5,2	54,8	124	5,2
Alls	478	3,1	54,4	401	2,8	45,6	879	3,0